



STADHÆTTIR OG AÐSTÆÐUR Á SKIPULAGSSVÆÐINU

Sveitarfélagið Hornafjarðar hefur í samráði við Vegagerðina unnið deiliskipulag af efnistökusvæði vegna fyrirhugaðra vegaförum við Hringveg (1) um Hornafjörð. Deiliskipulagið tekur til efnistökusvæðis sem skilgreint er í aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 (E44, Náma 2).

Efnistökusvæðið er á bökkum og eyrum Djúpár. Nokkuð hefur verið um efnistöku úr árfarveginum og þar á meðal á svæði þar sem náman er afmörkuð í deiliskipulaginu. Efnisflutningar munu fara um eyrar Djúpár.

Gerð deiliskipulagsins er þáttur í því að hrinda í framkvæmd vegabótum á Hringvegi um Hornafjörð. Markmið framkvæmdarinnar er að auka umferðarþynggi, stuðla að greiðari samgöngum milli Suður- og Austurlands og jafnframt að stuðla að betri samgöngum innan sveitarfélagsins. Ný veglína Hringvegur um Hornafjörð er á samþykktu aðalskipulagi.

Stefna

Deiliskipulagið er unnið á grundvelli gildandi Aðalskipulags Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 og byggir á mati á umhverfisáhrifum Hringvegur um Hornafjörð (Hringvegur um Hornafjörð – Matsskýrsla, 2009).

Fyrirhugað efnistökusvæði er á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Ekki er í gildi deiliskipulag á svæðinu eða í næsta nágrenni sem deiliskipulagið gæti haft áhrif á. Landnotkun umhverfis efnistökusvæðið er merkt sem opið svæði og landbúnaðarsvæði á aðalskipulagi.

Náttúru- og formninjar

Engar náttúruminjar eða friðlýst svæði eru á sjálfu framkvæmdasvæðinu en svæði á náttúrminjaskrá (Baultjörn) liggur sunnan Námu 2 en er utan áhrifsvæðis efnistökkunnar. Upplýsingar um friðlýst svæði og aðrar skráðar náttúruminjar eru af heimasíðu Umhverfisstofnunar (www.ust.is).

Á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði eru engar landslagsgerðir sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðra framkvæmda var unnin af Fornleifadeild Bygðasafns Skagfirðinga ásamt Bygðasafni Árnesinga. Gerð var heimilda- og vettvangsskráning á þeim jörðum sem mögulegar veglínur liggja um ásamt tengileiðum og efnistökkustöðum. Skráning á vettvangi fór fram dagana 6. – 8. júní 2006 (Hringvegur um Hornafjörð – Matsskýrsla, 2009). Engar formninjar fundust nálægt efnistökusvæðinu en ef áður óþekktar formninjar finnast við efnistöku verður það tilkynnt til Minjastofnunar sbr. 24. gr. laga um menningaminjar 80/2012.

TÍMABUNDIN SKIPULAGSÁKVÆÐI

Efnistaka

Náma 2 Djúpár er um 56.000 m² að flatarmáli og áætluð efnistaka 200.000 m³ á framkvæmdatíma. Náman verður opin meðan á framkvæmdum stendur. Efnid úr námunni verður notað í neðra burðarlag og fyllingar.

Umhverfisáhrif

Gert er ráð fyrir að taka efni úr grónum svæðum til hliðar við áreyrar, að höfðu samráði við Hafrannsóknarstofnun (áður Veiðimálastofnun) og Umhverfisstofnun, þar sem það er talið æskilegra með tilliti til umhverfis heldur en að nýta áreyrarnar eins og fyrirhugað var í mati á umhverfisáhrifum (Hringvegur um Hornafjörð – Matsskýrsla, 2009). Efnistaka verður þannig að hluta utan þess efnistökusvæðis sem markað var í umhverfismati og aðalskipulagi en Skipulagsstofnun telur að þrátt fyrir þessa færslu efnistökusvæðisins verði áhrif hennar ekki önnur eða meiri umfram þau áhrif sem fjallað var um og lagt mat á í matsferlinu árið 2008 og kann breytingin að leiða til minni neikvæðra áhrifa á lífríki Djúpár. Fiskistofa tekur undir þetta álit og er sammála því að þessi ráðstöfun minnkar líkurnar á neikvæðum áhrifum framkvæmdar á fiskistofna Djúpár og annað lífríki hennar. Fiskistofa veitir heimild fyrir efnistöku við Djúpár með fyrirvara um að lagaskilyrðum gagnvart landeigendum verði uppfyllt.

Frágangur og mótvægisáðgerður

Við frágang námunnar samhliða framkvæmdum og eigi sjóðar en við verklok verður votlendi endurheimt. Útbúnar verða tjarnir í samræmi við tjarnarlandslag í nágrenninu til þess að stöðja við fuglalíf og annað lífríki. Með þessum frágangi mun efnistakan ekki hafa áhrif á fiskgengd í ánni.

Umsagnaraðilar

Lögbundnir umsagnaraðilar vegna efnistöku í Djúpá eru m.a. Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun og Fiskistofa.

Deiliskipulag þetta, sem kynnt og auglýst hefur verið samkvæmt 40. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af bæjarstjórn Hornafjarðar þann _____

f.h. Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Deiliskipulag þetta var samþykkt í skipulagsnefnd _____ og í bæjarstjórn _____

Tillagan var auglýst frá _____ með athugasemdafresti til _____

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____

Dags Breyting

SKÝRINGAR



Landmælingar: Vegagerðin
Hnitakerfi: ISN93 Hæðarkerfi: Landshæðarnet
Loftmyndataka og myndmálning: Loftmyndir ehf.
Flughæð: 3000m Móskaustær: 10x10m.
Kortagerð: Vegagerðin



Sveitarfélagið Hornafjarðar
Hafnarbraut 27, 780 Höfn
Sími: 470 8000
afgreiddsla@hornafjordur.is

Vegagerðin		Hringvegur um Hornafjörð		Dags: 14.03.2017
Mælikvarði: 1:50.000	Hannað: SOS	Náma 2 - Djúpá		Útböðnr.: -
1:10.000	Teknað: MO	Deiliskipulag		Vegnr.: 1v6-v7
	Yfirlið: -	Efnistökusvæði		Hönnunartg: Stjórnun
Bladstærð: A3	Samþykkt: -			Tekn. nr.: X-01
				Ulg. A